

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Framangreind krafa stefnanda, Kristins Friðrikssonar, um framlagningu skjala verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 16/1952:

**Geir og Hákon Herbertssynir og
Gerða og Hrefna Herbertsdætur**

gegn

**Ólafíu Árnadóttur og Hauki Herbertssyni f. h.
dánarbús Herberts Sigmundssonar
og gagnsök.**

Frávísun vegna vanreifunar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 21. ágúst þ. á., sem hingað barst 26. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 16. s. m., þar sem vísað var frá skiptaréttinum kröfu sóknaraðilja um, að þeim sé veitt færi á því að athuga bókhald fyrirtækisins Herbertsprents fyrir síðustu ár, eða frá 1. janúar 1947, en málskostnaður niður felldur. Krefjast sóknaraðiljar þess, að úrskurði skiptaréttarins verði hrundið og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa með kæru 22. ágúst þ. á., sem hingað barst 26. s. m., skotið úrskurðinum til Hæstaréttar og krafizt þess, að frávísunarákveði úrskurðarins verði staðfest og sóknaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kostnað sakarinnar fyrir skiptarétti svo og kærumálskostnað.

Sóknaraðiljar hafa ekki talið nægilega skýrt málsástæður

sí­nar og alls ekki greint lagarök fyrir kröfum sínum, og er málið þannig vanreifað af þeirra hendi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum in solidum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Geir og Hákon Herbertssynir og Gerða og Hrefna Herbertsdætur, greiði varnaraðiljum, Ólafíu Árnadóttur og Hauki Herbertssyni vegna dánarbús Herberts Sigmundssonar, in solidum kr. 300.00 kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. ágúst 1952.

Þann 14. apríl 1931 andaðist hér í bænum Herbert Sigmundsson prentsmiðjueigandi. Kona hans, frú Ólafía Árnadóttir, fékk með bréfi lögmannsins í Reykjavík, dags. 22. maí sama ár, leyfi til setu í óskiptu búi. Með uppskriftargerð, er fram fór þann 23. nóv. 1951, var búi þetta tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fór þá fram virðing á húsmunum, og auk þess voru skipaðir í réttinum virðingarmenn til að meta húseign búsins og aðrir til að meta prentsmiðju, pappírsgirðir, bókaeign (forlag) og vörubirgðir verzlunarinnar, og er mat húseignarinnar dagsett 31. des. 1951, en mat á hinum eignum búsins er dagsett 30. jan. 1952. Auk þess hefur skiptaréttinum borizt rekstrarreikningur fyrir Herbertsprent frá 1. jan. til 31. des. 1951 ásamt efnahagsreikningi fyrirtækisins pr. 31. des. 1951, saminn af Ara Thorlacius endurskoðanda, dags. 19. apríl 1952. Var gengið út frá því, að í þessum gögnum væru allar eignir búsins, sem til væru í búinu við upphaf skipta. Á skiptafundi í búi þessu, sem haldinn var 5. maí síðastliðinn, lét ekkjan þá ósk í ljós, að hún fengi allar eignir búsins útlagðar. Enginn ágreiningur hefur komið fram um rétt ekkjunnar til útlagningar á eignum búsins, og í réttarhaldi 21. sama mánaðar lýstu aðiljar því yfir, að þeir sættu sig við matið og myndu ekki krefjast yfirmats á hinum uppskrifuðu og virtu eignum.

Á skiptafundi í búi þessu þann 14. maí 1952 kom fram ósk frá umboðsmanni nokkurra erfingjanna í búinu um það, að þeim gæfist kostur á að kynna sér bókhald fyrirtækisins fyrir síðustu ár eða frá 1. janúar 1947, en þessari ósk erfingjanna var þegar neitað.

Með bréfi, dags. 26. júní síðastliðinn, rita erfingjarnir Geir, Gerða, Hákon og Hrefna skiptaráðanda bréf, þar sem þau krefjast þess að fá

að fara yfir bækur dánarbúsins frá 1. janúar 1947, og tilkynna þau í sama bréfi, að þau muni tilnefna þá Hákon Herbertsson og Árna M. Jónsson til að yfirfara bækurnar. Var krafa erfingja þessara tekin fyrir á skiptafundi í búinu þann 8. júlí síðastliðinn, og þar sem ekkjan mótmælti þessari kröfu erfingjanna, var ákveðið, að ágreiningsatriði þetta yrði tekið fyrir og úrskurðað í sérstöku máli. Sama dag var mál þetta tekið fyrir, og lögðu sóknaraðiljar Hrefna Herbertsdóttir, Löngu-hlið 9, Hákon Herbertsson, Bankastræti 3, Geir Herbertsson, Bergþórugötu 59, og Gerða Herbertsdóttir, Ásvallagötu 22, fram í réttinum fyrrgreint kröfubréf ásamt greinargerð. Varnaraðili Ólafía Árnadóttir fékk frest til 14. sama mánaðar til þess að koma að greinargerð af sinni hálfu, en í sama réttarhaldi óskaði Haukur Herbertsson framkvæmdarstjóri að ganga inn í málið með móður sinni, og var það samþykkt. Á tilteknum degi var mál þetta tekið fyrir aftur, og lögðu þá varnaraðiljar fram greinargerð af sinni hálfu, og var í henni aðallega krafizt frávísunar málsins frá skiptaréttinum, en til vara, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið. Eftir að leitað hafði verið árangurslaust sátta í máli þessu, var ákveðinn frestur til gagnasöfnunar þar til 5. þ. m. Var þá mál þetta tekið fyrir á ný og ákveðið, að fram færi munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna sérstaklega. Fór sá málflutningur fram hér í skiptaréttinum 6. þessa mánaðar, og var ágreiningsatriði þetta þá tekið undir úrskurð.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Varnaraðili byggir frávísunarkröfuna á því aðallega, að skiptaráðanda bresti vald til að heimila sóknaraðilja eða öðrum aðgang að bókhaldi og reikningum búsins, en auk þess telur hann málið svo illa upplýst af hálfu sóknaraðilja, að það varði frávísun.

Sóknaraðili hefur aftur á móti haldið því fram, að þetta heyri undir úrskurð skiptaráðanda og sé einmitt innan hans verksviðs, þar sem þetta sé þáttur í því að upplýsa, hverjar eignirnar eru í búinu, en það sjáist frekast með því að yfirfara bækur búsins og samprófa við þær, að allar eignir búsins hafi verið talðar fram við uppskriftina. Þá taldi hann, að nægileg gögn í sambandi við frávísunarkröfuna væru komin fram.

Verksvið skiptaráðanda er að sannprófa, hverjar eru eignir búa þeirra, sem eru undir opinberum skiptum, enda eru slík bú undir umsjá hans, á meðan á skiptum stendur. Hann skipar votta og virðingarmenn til að meta eignir búa. Þá skipar hann og sérfróða menn, ef þurfa þykir, til að endurskoða undir sinni umsjá skjöl og bækur, er kunna að geta gefið upplýsingar um eignir búa og skuldir. Hins vegar verður ekki talið, að skiptaráðandi hafi vald til að veita einstökum erfingjum sjálfstæðan rétt til slíkrar rannsóknar, nema fullt samkomulag sé um það.

Af þessum ástæðum verður ekki talið, að skiptaráðandi sé bær um að veita sóknaraðiljum hina umbeðnu heimild til að yfirfara bækur búsins, og þykir því verða að vísa málinu frá skiptaréttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna sumarleyfa og anna hefur ekki verið unnt að kveða upp þenna úrskurð fyrr.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja í máli þessu er vísað frá skiptaréttinum.
Málskostnaður falli niður.

—
Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 17/1952:

**Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar
Lárussynir og Erlendur Einarsson og
Björn B. Björnsson**
gegn
**Jóni Kjartanssyni sýslumanni, Andrésí Á.
Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni.**

Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 30. ágúst þ. á., sem hingað barst 9. þ. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn í fúgetadómi Skaftafellssýslu hinn 30. ágúst þ. á., þar sem hinn reglulegi fúgeti, Jón Kjartansson, neitaði að víkja sæti í fúgetamáli varnaraðiljanna Andrésar Á. Pálssonar og Daníels Guðbrandssonar á hendur sóknaraðiljum. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fúgeta að víkja sæti í málinu svo og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljarnir Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar. Af hendi varnaraðiljans Jóns Kjartanssonar sýslumanns hafa engar kröfur verið gerðar.